



Úttektir á klæðingum á Vestfjörðum 11. til 13. júní 2019



Gunnar Bjarnason
og
Pétur Pétursson

Júlí 2019

Forsíðmynd: Horft í átti til Patreksfjarðar. Klæðing sem lögð var 2017 á Bíldudalsveg nr. 63-02 er nánsta alveg skröpuð af yfirborðinu og skín í burðarlag undir eldri klæðingu. Þessi klæðing er metin ónýt og einnig burðarlag vegarins.

Skýrsla til rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar: Höfundar þessarar skýrslu bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar.


Efnisyfirlit

1 Inngangur	5
2 Úttektir	7
2.1 Úttektir þann 11. júní í Dölum og að Vatnsfirði	7
2.2 Úttekt þann 12. júní 2019 frá Vatnsfirði um Vestfirðina og í Skutulsfjörð. 12	
2.3 Úttekt þann 13. júní 2019 inn Ísafjarðardjúp	16
3 Samantekt	19
3.1 Klæðingar frá árinu 2014	20
3.2 Klæðingar frá árinu 2015	21
3.3 Klæðingar frá árinu 2016	23
3.4 Klæðingar frá árinu 2017	24
3.5 Klæðingar frá árinu 2018	26
3.6 Ástandsmat flokkað eftir vegheitum	28
3.7 Ástandsmat allra klæðinga frá árinu 2014 til 2018.....	32
4 Umræða.....	33

1 Inngangur


Í kjölfar umræðu um að klæðingar á Vestfjörðum væru á heildina litið illa farnar kviknaði sú hugmynd að gera úttektir á ástandi klæðinga almennt á Vestfjörðum með því að fara sérstaka úttektarferð. Segja má að ástæðan sé sú að það vill gerast að kaflar sem vissulega eru skemmdir eða ónýtir verði taldir umfangsmeiri en raunin er ef ekki eru gerðar markvissar úttektir með lengdarmælingum í viðkomandi landshluta. Benda má á að við úttektir á árgömlum klæðingum á hringvegi á Vestur- og Norðurlandi vorið 2019 kom í ljós að vissulega höfðu orðið skemmdir á hluta þeirra klæðinga sem um ræðir. Þær klæðingar sem voru metnar ónýtar voru í raun gegnslitnar af völdum nagladekkja vegna þess að steinefni sem notað var í Borgarfirðinum var ekki nægilega slitsterkt til að þola umferðaralagið þar. Að öðru leyti voru flestar klæðingarnar að mestu óskemmdar eða mismikið skrapað af þeim á hryggjum með snjóplógum. Það má líta á þessar úttektir á Vestfjörðum sem framhald af úttektum á Vestu- og Norðurlandi sem fóru fram undir verkþætti um klæðingar í rannsóknaverkefni um slitlög sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkir.

Í þessari úttekt á klæðingum á Vestfjörðum var ákveðið að takmarka úttektirnar við „hringveginn“ um Vestfirði, þ.e.a.s. vagnúmer 60 til 63 og reyndar var byrjað í Dölunum. Það var einnig ákveðið að takmarka úttektirnar við klæðingar sem voru lagðar á árunum 2014 til 2018, en sleppa úttektum á eldri klæðingarköflum, þótt tekið hafi verið eftir og þess getið á nokkrum stöðum að sumar eldri klæðingar voru oft enn í fínu lagi. Hersir Gíslason hjá Vegagerðinni aðstoðaði við verkefnið með því að útbúa kort af köflum þessara ára á viðkomandi vegum í vettvangsskrá í mismunandi litum eftir aldri og auðveldaði það mjög allar skráningar, sjá mynd 1.1.



Mynd 1.1 Staðsetning og aldur klæðingakafla á Vestfjörðum til úttekta sumarið 2019

Niðurstöður úttekta fylgja hér á eftir í þeirri röð sem klæðingar voru metnar, en samantekt og ályktanir ástandsmatsins eru svo settar fram í lokin í sér kafla. Þess má geta að alls voru metnir tæpir 177 km í þessari úttektarferð, en aldursskiptingu þessara kafla má sjá á mynd 1.2. Hver kafli fyrir sig, sem lagður er úr sama efni á sama tíma er yfirleitt ástandsmetinn í heild sinni í þessari skýrslu en ekki skipt upp í smærri kafla.



Mynd 1.2 Aldursskipting klæðinga á vegum 60 til 63 sem teknar voru út sumarið 2019

Það skal tekið fram að stöku kaflar sem eru á umræddum vegum voru ekki teknir út sérstaklega, en þeir gátu hafa farið framhjá skýrsluhöfundum eða þeim sleppt vegna tímaskorts eða annarra orsaka. Megnið er þó með í þessari skýrslu, allt frá Dölunum hringinn um Vestfirði og yfir á Steingrímsfjarðarheiði.

2 Úttektir

2.1 Úttektir þann 11. júní í Dölum og að Vatnsfirði

Fyrst er skoðaður kafli á vegi 60-03 sem var lagður 2018 frá stöð 1600 til 2740 og virðist vera í góðu lagi. Þetta er kafli með 11/16 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum (kíldur með 4/8 mm). Sunnan við Laxárbrú er nýlögð klæðing, ofan á kafla sem var lagður árið 2014.

Á vegi 60-07, er kafli sem var lagður 2014 með 11/16 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum, sem nær frá stöð 2240 til 3900. Þessi kafli er bara allur í mjög góðu lagi, nema á örstuttum kafla þar sem eru fyrirhugaðar viðgerðir.

Kafli frá 2017 á vegi 60-07 frá stöð 3900 til 5840 er í nokkuð góðu lagi. Steinefnið er 8/11 mm frá Leiðólfsstöðum. Það eru á nokkrum stöðum fyrirhugaðar viðgerðir, en mest allur kaflinn er í fínu lagi.

Kafli frá 2018 tekur við á vegi 60-07 í stöð 5840 og nær að stöð 7760 við Fáskrúð og er með 8/11 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum. Þessi kafli er allur óskemmdur.

Við stöð 7800 á vegi 60-07 tekur við kafli frá 2016 og nær í stöð 9000 með 8/11 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum. Á þessum kafla er talsvert um eldri viðgerðir og einnig eru fyrirhugaðar viðgerðir á þessu ári, þannig að þessi kafli hefur ekki verið í nógu góðu lagi.

Norðan við stöð 9000 á vegi 60-07 og að stöð 10190 tekur við þunnbikskafli með 11/16 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum sem var lagður 2018. Þessi kafli er í fínu lagi og alveg óskemmdur.

Á vegi 60-08 er klæðing sem var lögð 2014 og nær frá 2610 til 4610 með 11/16 mm steinefni frá Stöllum og það eru talsvert miklar plógskemmdir á kaflanum.

Við stöð 4610 á vegi 60-08 byrjar kafli sem var lagður 2015 með 8/11 mm steinefni frá Stöllum og nær í stöð 5585. Steinefnið hefur slitnað að talsverðu leyti niður þannig að það sést niður í 11/16 mm steinefni sem þar er undir. Einnig eru áframhaldandi plógskemmdir. Á þessum kafla er sem sagt bæði slitið niður í gegn og einnig plógskemmdir, slitið er í hjólförum, en plógskemmdirnar á hryggjum eins og gefur að skilja og er klæðingin metin ónýtt.

Við stöð 5585 á vegi 60-08 byrjar þjálbikskafli frá 2015 sem er með 11/16 mm steinefni frá Stöllum og nær að stöð 8560. Það er mjög áberandi þarna við enda 8/11 mm kaflans, að það er mikið slitið í hjólförum og blasir við undirlagið. Á 11/16 mm kaflanum fram undan er hins vegar ekki áberandi slit, en það eru engu að síður umtalsverðar plógskemmdir á hryggjum. Myndir voru teknar á þessum skilum, sjá mynd 2.1 a) og b).



a) séð af 11/16 mm á 8/11 mm

b) slitið í gegn á 8/11 mm kaflanum

Mynd 2.1 a) og b) Skil á 60-08 í stöð 5585 milli 8/11 mm 11/16 mm kafla frá 2015

Mynd 2.1 a) sýnir að 11/16 mm kaflinn sem er nær er með mun grófari áferð og er metinn skemmdur af völdum snjóplóga, en kaflinn sunnan við er með 8/11 mm steinefni og er metinn ónýtur af sliti og snjóplógum. Víða skín í grófari, eldri klæðingu í hjólförum þar sem 8/11 mm efnið er alveg slitið í gegn samanber mynd 2.1 b).

Aftur voru teknar myndir af kafla 60-08 í stöð 7979 inni á 11/16 mm kaflanum frá 2015, sjá mynd 2.2 a) og b).



a) séð til suðurs

b) séð til norðurs

Mynd 2.2 a) og b) Horft til suðurs og norðurs á 60-08 í stöð 7979

Eins og myndirnar bera með sér eru umtalsverðar plógskemmdir í þessum kafla, en klæðingin er ekki metin ónýt þar sem enn er steinefni í hjólförum að mestu.

Á vegi 60-08 frá stöð 8560 og að stöð 9035 er klæðing sem var lögð 2014 með 11/16 mm steinefni frá Stöllum. Klæðingin er talsvert mikið skafin af snjóplógum á hryggjum.

Við stöð 20 á vegi 60-09 og að stöð 1415, er kafli sem var lagður 2016, en hann er með 11/16 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum. Það eru lítilsháttar plógskemmdir á þessum kafla, en á milli eru stuttir kaflar þar sem eru engar plógaskemmdir. Það er búið að gera við kaflann á smá blettum.

Norðan við stöð 1415 á 60-09 er kafli frá 2015 sem nær að stöð 2790, en hann er með sömu lýsingu og kaflinn á undan, það er að segja með talsverðar plógaskemmdir á hryggjum. Þessi kafli er með 11/16 mm steinefni frá Stöllum.

Norðan við stöð 2790 á kafla 60-09 og að stöð 3790 er klæðing frá 2016 með 8/11 mm steinefni frá Leiðólfsstöðum. Klæðingin er bæði slitin í gegn að talsverðu leyti og einnig eru plógskemmdir á hryggjum. Samt er þessi klæðing aðeins þriggja ára gömul. Á nokkrum stöðum eru viðgerðir. Teknar myndir af þessum kafla norður eftir við byrjunarstöð 2790, sjá mynd 2.3 a) og b).



a) séð norður eftir



b) skín í gegn um slitlagið

Mynd 2.3 a) og b) Kafli frá árinu 2016 á vegi 60-09 í byrjunarstöð 2790

Eins og myndirnar sýna glögglega er kaflinn afar illa farinn af völdum snjóplóga og slits, en einnig eru sjáanlegar blettaviðgerðir hér og þar og er klæðingin metin ónýtt.

Norðan við stöð 3790 á vegi 60-09 er kafli sem var lagður 2017 og nær að stöð 5120. Þarna er um að ræða 8/11 mm steinefni frá Stöllum. Það er talsvert af blettum þar sem að klæðingin er slitin í gegn, en auk þess hafa snjóplógar skafið af á köflum. Megnið af kaflanum er í þokkalegu lagi og er klæðingin metin skemmd en ekki alveg ónýtt.

Á vegi 60-09 frá stöð 5520 og að stöð 7700 er kafli sem var lagður 2018 og er með 11/16 mm steinefni frá Stöllum. Við stöð 7145 inni á kaflanum voru teknar myndir, sjá mynd 2.4 a) og b).



a) séð suður eftir



b) séð norður eftir

Mynd 2.4 a) og b) Kafli 60-09 í stöð 7145 séður í báðar áttir

Þarna eru litlar skemmdir í kaflanum, en sunnan við stöð 7145 var talsvert steinlos víða í kaflanum og það hefur verið gert við á nokkrum stöðum. Framan við stöð 7300 hafa greinilega verið miklar skemmdir á veginum og þar hefur verið gert við með efni, sem blæðir í sólinni, en þetta er svona aðallega við miðju vegarins. Klæðingin virðist hafa verið misheppnuð þarna að verulegu leyti, þó það séu kaflar inn á milli sem eru betri.

Á svæðinu norðan við um það bil stöð 7700 er kaflinn í góðu lagi, þó að inn á milli séu viðgerðir.

Á kafla 60-22 við stöð 1620, byrjar kafli sem var lagður 2018 sem nær til stöðvar 3160, en hann er með 8/11 mm steinefni frá Stöllum. Teknar voru myndir við stöð 2094 inni á þessum kafla, sjá mynd 2.5 a) og b).



a) séð vestur eftir upp brekku



b) blæðingar á byrjunarstigi

Mynd 2.5 a) og b) Blæðing í þunnbiki á vegi 60-22 við stöð 2094

Eins og myndirnar sýna eru talsverðar blæðingar á þessum kafla, en notað var þunnbik (white spirit) í hann, sem sýnir að það verða ekki síður blæðingar í þunnbiksklæðingum árið eftir útlögn, enda heitt í veðri og sólskin.

Á vegi 60-23 er kafli sem byrjar við stöð 7323 og nær til stöðvar 8969, en þar er 8/11 mm þunnbiksklæðing og steinefnið er frá Stöllum eins og áður. Þessi klæðing er að mestu leyti í góðu lagi, en það hefur á stöku stað skafist af vegna snjóplóga.

Á vegi 60-24 er kafli sem byrjar við stöð 1520 og nær í stöð 5900, en hann var lagður 2017. Um er að ræða þjálbik með 11/16 mm steinefni frá Stöllum. Kaflinn er í mjög góðu lagi alveg til enda. Það vottar fyrir steinlosi á örfáum stöðum, en það er mjög lítið.

Við stöð 7520 á vegi 60-24 byrjar klæðing frá 2018 og endar við stöð 8310. Um er að ræða þjálbiksklæðingu með 8/11 mm steinefni frá Stöllum. Þessi klæðing er í mjög góðu lagi, en er þó talsvert feit. Það er áberandi að það eru engar plógskemmdir á þessum vegi, sem voru mjög áberandi sunnar, sem sagt áður en komið er að þröskuldum og þar sunnan við. Þetta endurspeglar mun minni áraun vegna vetrarviðhalds og umferðaráraun.

Á vegi 60-25 er þjálbiksklæðing frá stöð 0 til stöðvar 420 en við stöð 480 (handan brúar) að stöð 6940 er þunnbik, báðar gerðir lagðar 2018 með 8/11 mm steinefni frá Stöllum. Það eru umtalsverðar burðarlagsskemmdir rétt norðan við brúna yfir Þorskafjörðinn og aftur við stöð um það bil 2500 á nokkur hundruð metra löngum kafla. Aftur eru burðarlagsskemmdir við stöð um það bil 4500, er vegurinn mjög illa farinn af burðarlagsskemmdum. Klæðingarnar sjálfar virðast þó að mestu leyti vera í góðu lagi, en auðvitað hæpið að leggja nýja klæðingu á ónýtan veg.

Á vegi 60-28 er þjálbikskafli sem var lagður 2014 með 8/16 mm steinefni frá Klettshálsi. Þessi kafli er í ágætu lagi, en þarna er lítil áraun, bæði vegna snjómoksturs og vegna nagladekkjaumferðar. Í framhaldinu þarna, eru klæðingar sem eru enn eldri sem virðast fljótt á litið í ágætu lagi líka, en þær voru ekki teknar út sérstaklega.

Á vegi 60-30 byrjar þjálbikskafli við stöð 180 og nær í stöð 1780, sem er lagður árið 2014. Þetta er 11/16 mm steinefni frá námunni Gormur-klöpp. Þessi kafli er bara í nokkuð góðu lagi, en það er smá flögnun inn á milli sem ekki kemur að sök og er kaflinn metinn óskemmdur.

Næst er skoðaður kafli á vegi 60-30, sem byrjar við stöð 4970 og nær til stöðvar 7340 frá árinu 2017. Kaflinn er með 11/16 mm steinefni, en námuheitið er rangt skráð. Kaflinn er að mestu leyti í ágætu lagi, en þó er nokkuð um plógskemmdir. Þetta er uppi á Klettshálsi, þannig að það er væntanlega mun meiri áraun af snjóplógum þar en á láglandi.

Næst er skoðaður þjálbikskafli á vegi 60-30, sem byrjar við stöð 8630 og nær til stöðvar 10215 og er frá 2015. Kaflinn er með 11/16 mm steinefni frá námunni Gormur-klöpp og þetta er þjálbik. Þessi kafli er að hluta til skafinn af snjóplógum á hryggjum, en á milli hryggja er hann í góðu lagi.

Á vegi 60-30 frá stöð 10330 til stöðvar 11200, er þjálbikskafli frá 2017. Þetta er 11/16 mm steinefni, en náman er rangt skráð. Kaflinn er í fínu lagi og engar skemmdir að sjá á honum.

Á vegi 60-30, frá stöð 11200, er kafli sem var lagður 2014. Þetta er 11/16 mm steinefni frá Gormi-klöpp. Það eru blettaviðgerðir á kaflanum, en að öðru leyti í góðu lagi.

Næst er skoðaður þjálbikskafli á vegi 60-31, sem byrjar við stöð 8940 og nær að stöð 12990 og er frá 2015. Þarna er 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp. Þessi klæðing nær að brúnni yfir Mjóafjörð og hún er í fínu lagi, þrátt fyrir að um sé að ræða 8/11 mm steinefni.

Næst er skoðaður þjálbikskafli á vegi 60-32 frá stöð 0 til stöðvar 3640 sem lagður var 2015. Um er að ræða 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp. Þessi klæðing er í mjög góðu lagi, eins og síðasti kafli.

Á vegi 60-32 er þjálbiksklæðing sem byrjar við stöð 3640 til stöðvar 4935 sem lögð var 2014. Þessi kafli er með 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp. Þessi kafli er í mjög góðu lagi.

Á vegi 60-32 er þjálbikskafli sem byrjar við stöð 4935 og nær til stöðvar 7600 frá árinu 2015. Hann er með 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp og er í mjög góðu lagi.

Næst er kafli á vegi 60-32 frá stöð 7600 til stöðvar 10010 frá 2014. Um er að ræða 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp eins og víðar á þessu svæði. Þessir kaflar eru allir með þjálbiki og 1,7 lítra á fermetra. Klæðingin er eins og fyrri kaflar í mjög góðu lagi.

Á vegi 60-33 er þjálbikskafli frá stöð 0 til stöðvar 1600 frá árinu 2014. Kaflinn er með 8/11 mm steinefni frá Gormi-klöpp og er í mjög góðu lagi.

2.2 Úttekt þann 12. júní 2019 frá Vatnsfirði um Vestfirðina og í Skutulsfjörð

Skoðaður er þjálbikskafli á vegi 62-01 frá stöð 450 til stöðvar 2710, en það er kafli frá 2014. Hann er með 11/16 mm steinefni frá Brjánslæk og er kaflinn á heildina litið í góðu lagi. Snjóplógur hefur skrapað aðeins af hryggjum hér og þar, en þó ekki þannig að það hafi valdið áberandi flögnun.

Á vegi 62-03, er kafli frá 2018 frá stöð 2695 til stöðvar 4250, með 11/16 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Þessi klæðing lítur út fyrir að vera fingerðari en 11/16 mm og nær því að vera 8/11 mm að sjá, en bindiefnismagnið er þó skráð 1,9 lítrar á fermetra. Við miðhrygginn virðist plógur hafa skrapað nokkuð hressilega af hryggnum, á um það bil eins metra breiðri ræmu við miðjuna. Teknar myndir í sitt hvora áttina við stöð 3004, sjá mynd 2.6 a) og b).



a) vegur 62-03 í stöð 3004



b) vegur 62-03 í stöð 3004

Mynd 2.6 a) og b) Skrapað af miðhrygg á vegi 62-03 við stöð 3004

Skemmdir af völdun snjóplógs eru mismiklar og þar sem það er verst skín í lagið undir. Þegar nær dregur brúnni á Hagaá, er skrapað líka á hryggjunum á báðum akreinum og þar er vegurinn viðgerður á nokkrum stöðum. Kaflinn er frekar illa farinn vegna snjóplóga, en klæðingin þó ekki metin ónýt þar sem hjólförin eru í góðu lagi.

Frá stöð 11660 til stöðvar 15145 á vegi 62-03 er kafli frá 2014, sem er með 8/11 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Klæðingin hefur farið talsvert illa og verið gert við hana á mörgum stöðum, en líklega má fullyrða að orsökina liggja í burðarlagsskemmdum, en vegurinn er mjög sprunginn, ósléttur og missiginn. Það er metið svo að vegurinn sé bæði með ónýtu burðarlagi og klæðingu. Það þyrfti að fræsa hann upp og styrkja, áður en ný klæðing væri lögð á hann.

Á vegi 62-04 er kafli frá 2014 sem byrjar í stöð 1210 og nær til stöðvar 2695 og er með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Þessi kafli er með talsvert miklar viðgerðir, sérstaklega á miðjunni. Hann er talsvert mikið skrapaður líka og illa farinn inn á milli og er í raun metinn ónýtur og þyrfti að styrkja burðarlagið.

Á vegi 62-04 byrjar kafli í stöð 2695 og nær til stöðvar 5060, sem var lagður 2017 og er með 11/16 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Þessi klæðing er mjög bindiefnisrík og kemur það mest fram í hjólförum. Það var mjög heitt á þessum slóðum daginn áður

og gæti hafa verið einhver blæðing á kaflanum. Inn á milli er slitlagið svolítið skrapað á hryggjum af snjóplógum og eru skellur hér og þar sem klæðingin hefur alveg skafist af. Kaflinn er metinn í lagi, en lítillega skrapaður af snjóplógum.

Norðan við stöð 5550 og að stöð 6385 á vegi 62-04 er kafli frá 2017 og er með 11/16 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Þar hefur skrapast nokkuð af miðhryggnum, en þar er líka áberandi að klæðingin er bindiefnisrík að hluta til. Þarna er sums staðar nokkur flögnun vegna snjóplógs, á miðhrygg sérstaklega, en inn á milli lítur klæðingin vel út. Kaflinn er eins og fyrri kafli metinn í lagi, en lítillega skrapaður af snjóplógum.

Á vegi 62-04 er aftur sams konar klæðing og áður er lýst frá stöð 6480 til stöðvar 10095 og er frá 2017 með 11/16 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Við stöð 9335 eru færuskil, sem ná alveg þvert yfir veginn. Þar neðan við er vegurinn í mun betra ástandi en áður er lýst. Segja má að kaflinn sé í nokkuð góðu lagi, sérstaklega aftan við færuskilin, en það eru enn einstaka snjóplógsskellur.

Á vegi 62-05 frá stöð 0 til 240, er kafli frá 2018, sem er mjög bindiefnisríkur og nánast blæðandi, en hann er með 8/11 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Það er ekki að sjá neinar skemmdir á kaflanum að öðru leyti, en allt yfirborðið er við það að blæða.

Áfram á vegi 62-05 frá stöð 2130 til stöðvar 2675 er kafli frá 2018 með 8/11 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Kaflinn er svolítið bindiefnisríkur við miðhrygginn, en ekki sjáanlegar miklar skemmdir. Við enda kaflans við stöð 2675 er þó talsvert skrapað af snjóplóg og teknar eru myndir við enda kaflans, sjá mynd 2.7.



Mynd 2.7 Endi kafla á vegi 62-05 við stöð 2675

Það sést vel að það sem ekki var lagt yfir neðst á myndinni er krosssprungið í hjólförum, en það ber skýran vott um að vegurinn þarf nýst styrkingar. Kaflinn sem var

yfirlagður 2018 og nær að stöð 2675 er feitur eins og fyrr segir og auk þess nokkuð skafið af honum þarna í endann.

Á vegi 62-05 frá stöð 6765 til stöðvar 10510 er kafli sem er lagður 2016 og er með 8/11 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Það hafa myndast á nokkrum stöðum litlar holur í gegn um klæðinguna og ofan í burðarlagið. Það er skrapað lítillega eftir snjóplóga, en að öðru leyti er klæðingin að mestu í góðu lagi. Þegar vestar dregur á kaflanum er talsvert um viðgerðir eða holufyllingar, en það hefur verið gert við holur á nokkuð mörgum stöðum. Klæðingin virðist vera orðin mjög þunn ofan á burðarlaginu og burðarþol vegarins virðist orðið lítið og þyrfti líklega að styrkja veginn.

Við stöð 11430 á vegi 62-05 byrjar stuttur kafli sem nær að stöð 11530 frá 2016 sem er með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Það hefur skafist af miðhrygg með snjóplóg og þar hefur verið gert við það að hluta til. Það hefur skrapast talsvert af, en að öðru leyti er þessi stutti kafli í ágætu lagi.

Við stöð 11890 á vegi 62-05 byrjar kafli sem nær til stöðvar 12170 og er lagður 2016 með 8/11 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Slitlagið er að mestu leyti í þokkalegu lagi, nema að það eru litlar holur þar sem skín ofan í burðarlagið og þar sést eins og áður, hvað slitlagið er þunnt. Klæðingin er metin í lagi, en á líklega lítið eftir af líftíma sínum.

Á vegi 63-02 er kafli frá 2017 sem byrjar við 0 og nær til stöðvar 2670 og er með 8/11 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Þetta er mikið slitin klæðing og líka skröpuð af snjóplógum. Þessi vegur er ónýtur, bæði vegna ónýts burðarlags og líka vegna slits á klæðingunni. Það skín víða í neðra lag, undirlag klæðingarinnar þar sem er mikið sprungunet.

Næst er kafli á vegi 63-02 frá 2017, sem byrjar við stöð 4215 og nær að stöð 6580 og er með 11/16 mm steinefni frá námu ofan Kleifabúa. Þetta er bindiefnisrík klæðing, sprungin og burðarlagið undir klæðingunni er greinilega ónýtt. Teknar myndir við stöð 4293, sjá mynd 2.8 a) og b).



a) skrapað og slitið í stöð 4293



b) áberandi sprungunet í stöð 4293

Mynd 2.8 a) og b) Ónýtt burðarlag og klæðing á vegi 63-02 í stöð 4293

Eins og myndirnar bera með sér er burðarlagið ónýtt þarna og klæðingin er skröpuð af að verulegu leyti. Það skín í eldri klæðingu og síðan í holur og sprungur niður í burðarlagið, í gegn um þunna eldri klæðingu. Það eru fyrirhugaðar miklar

blettaviðgerðir, en þessi vegur er ónýtur og þyrfti að styrkja burðarlagið og endurbyggja veginn. Þessar fyrirhuguðu viðgerðir virðast beinast fyrst og fremst að sprungnum svæðum. Það má velta fyrir sér hvort hluti bikbindiefnisins muni leka niður í sprungurnar og hvort þurfi að taka tillit til þess þegar blettað er yfir.

Annar kafli á vegi 63-02 byrjar á 62-03 við stöð 6580 og nær til stöðvar 7400, en þetta er kafli sem var lagður 2015 með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Þarna er slitlagið nánast alveg farið af yfirborðinu. Þetta er líka sprungið og skín í burðarlagið í gegnum holur og sprungur. Þessi kafli er metinn ónýtur, bæði burðarþolslega og klæðingin nánast alveg farin af.

Frá stöð 7400 til stöðvar 9110 á vegi 63-02 er kafli frá 2018, en hann er svipaður og kafllinn á undan frá 2015 með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Klæðingin er nánast öll farin af og það skín í burðarlagið og vegurinn og klæðingin eru metin ónýt að stöð um það bil 8800 og þar neðan við, er hún í talsvert betra ástandi. Þarna er flatari kafli og er ekki eins mikið skafið af, en samt töluvert skafið. Í heildina verður þó að meta kaflann ónýtan. Mikil áraun er þarna á Mikladal vegna snjóplóga og burðalagið lélegt. Samt er ekki útilokað að eitthvað hafi verið að bikbindiefni og/eða steinefni klæðingarinnar þar sem árgömum klæðing er nánast alveg flögnuð af.

Við stöð 9110 á vegi 63-02 tekur við kafli sem nær að stöð 11165, sem var lagður 2017 með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Þessi klæðing er talsvert skröpuð af snjóplógum en ekki ónýt eins og 2018 klæðingin. Neðan við stöð um það bil 9400 er hún aftur miklu verri og mjög mikið skröpuð yfir allt þversniðið, enda eru þarna miklu meiri brekkur. Þetta er flatur kafli sem leit mikið betur út þarna fyrir ofan, en þegar komið er niður í brekkurnar, þá er klæðingarlagið nánast alveg farið af, að verulegum hluta. Klæðingin er nánast öll farin á stórum köflum og það skín í sprungunet og vegurinn og klæðingin eru metin ónýt.

Kafli á Hálfðán, á vegi 63-03 sem nær frá stöð 2976 til stöðvar 6439 var lagður 2015 með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Það skín ofan í burðarlagið undir klæðingunni og klæðingin er nánast alveg skafin burt. Þarna eru fyrirhugaðar margar blettaviðgerðir. Það eru reyndar svæði inn á milli, þar sem dálítið er eftir af klæðingarlaginu, en það er metið að allavega 80% sé farið. Það skín víða í sprungið undirlag og það eru þær sprungur sem virðist vera fyrirhugað að gera við, en vegurinn er ónýtur og þarfnast styrkingar.

Á vegi 63-03 er annar kafli frá 2015 á milli stöðva 10753 og 12938 með 11/16 mm steinefni úr námu ofan Kleifabúa. Klæðingin er að langmestu leyti skröpuð af, af snjóplógum, á þessum kafla og fyrirhugaðar miklar viðgerðir. Sumsstaðar skín í burðarlagið.

Það er greinilegt að allir vegir á þessu svæði eru mjög illa farnir. Það er væntanlega þjónustustigið og það hvað hart er gengið fram í snjómokstri, sem veldur mestu um hvað klæðingarnar eru illa farnar, fremur en að um slit af völdum nagladekkja sé að ræða. Ekki bætir úr skák að þessir vegir milli Patreksfjarðar og Arnarfjarðar virðast meira og minna vera orðnir burðarlitlir og sprungunet víða sjáanlegt í eldri

klæðingunni. Víða stendur til að bletta yfir sprungunetin, en það er líklega ekki vænlegt til endingar, þar sem styrkja þyrfti burðarlögin fyrst.

Næst er skoðaður kafli á vegi 60-44, sem byrjar við stöð 1944 og endar við stöð 2743 frá árinu 2017 með 11/16 mm steinefni frá Kýrá. Kafllinn er bindiefnisríkur í hjólförum upp brekkuna á hægri vegarhelmingi, en er að mestu leyti í mjög góðu lagi.

Annar kafli á vegi 60-44 byrjar við stöð 3570 og nær að stöð 5136 er frá 2017 og er líka með 11/16 mm steinefni frá Kýrá. Sem sagt sams konar klæðing og lýst var hér á undan og er alveg eins, í mjög góðu lagi.

Næst er skoðaður kafli frá 2014 á 60-44 sem byrjar í 5146 og nær að stöð 7899 með 11/16 mm steinefni. Náman er rangt skráð sem Leiðófsstaðir. Þessi kafli er í nokkuð góðu lagi. Það svolítið um skrap eftir snjóplóg, sérstaklega á hægri akrein á hryggjum, en kafllinn er að mestu leyti í góðu lagi. Það hefur verið gert við hann á einum stað, með lítilli bót.

Skoðaður er kafli á vegi 60-45 frá stöð 0 til stöðvar 930, sem var lagður 2017 með 11/16 mm steinefni er frá Kýrá. Þessi kafli er í góðu lagi. Það er að vísu aðeins skrapað á nokkrum stöðum, en að öðru leyti er þessi klæðing óskemmd.

2.3 Úttekt þann 13. júní 2019 inn Ísafjarðardjúp

Á vegi 61-36 eru tveir eins þjálbikskaflar frá 2015, annar frá stöð 555 til stöðvar 1610 og sá síðari frá stöð 2750 til stöðvar 4810. Steinefnið í þessum köflum er 0/16 mm frá Kambsnesi. Umferð er fremur lítið á þessum vegi, sérstaklega á veturna og því tiltölulega lítil nagladekkjaumferð. Kafllinn er á heildina lítið í nokkuð góðu lagi, en þó er nokkurt um steinlos á hryggjum vegna snjómoksturs ekki síst á miðhrygg.

Á vegi 61-35 er kafli frá stöð 4090 til stöðvar 9280 frá árinu 2014 með 11/16 mm steinefni frá Kálfadal. Teknar voru myndir við enda kafans í stöð 9280, sjá mynd 2.9 a) og b).



a)



b)

Mynd 2.9 a) og b) Myndir teknar af vegi 61-35 í stöð 9280

Þetta slitlag er skrapað lítillega af snjóplögum, en er í góðu lagi á löngum köflum, þannig að mest allur kafllinn er í ágætu lagi og óskemmdur að mestu.

Á vegi 61-34 eru tveir eins kaflar sem ná frá stöð 2110 til 3620 og frá stöð 5440 til stöðvar 6300 sem voru lagðir árið 2016 með 8/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessir kaflar er í mjög góðu lagi, lítilsháttar skrapað á stöku stað.

Á vegi 61-34 er kafli sem byrjar við stöð 1525 og endar við stöð 2110 sem var lagður 2017 með 4/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er í mjög góðu lagi, en skafinn af snjóplógum á stöku stað.

Næst er skoðaður kafli á vegi 61-34 frá stöð 0 til stöðvar 500 frá 2014 með 11/16 mm steinefni frá Kálfadal. Þessi kafli er svolítið skafinn á hryggjum á köflum, en lengst af er hann í fínu lagi.

Á vegi 61-33 er kafli sem byrjar við stöð 10360 og endar í stöð 13840 frá árinu 2014 með 11/16 mm steinefni frá Kálfadal. Suðurhluti kaflans er mjög góður og alveg óskemmdur, en þegar norðar dregur er svolítið um skrap eftir snjóplóga. Þessi kafli er í nokkuð góðu lagi í heild sinni.

Á vegi 61-33 er kafli sem byrjar við stöð 9300 og endar við stöð 10360, lagður árið 2017, með 4/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er svipaður og síðasti kafli, mjög góður inn á milli, en snjóplógaskafið inn á milli á hryggjum.

Á vegi 61-33 er kafli sem byrjar í stöð 6630 og endar í stöð 8060 frá 2016, með 8/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er í góðu lagi, það er ekki nema á einstaka stað sem er örlítið skafið.

Næsti kafli á vegi 61-33 er á milli stöðva 6000 og 6630 frá 2016, með 8/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er í góðu lagi, en það er þó örlítið meira skafið heldur en á kaflanum sem var lýst á undan.

Næsti kafli á vegi 61-33 byrjar í stöð 3335 og endar í stöð 5510 frá árinu 2015 með 0/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er mjög mikið skafinn af snjóplógum og illa farinn og viðgerður á einum stað, en þó ekki metinn ónýtur.

Næsti kafli á vegi 61-33 byrjar í stöð 2700 og endar í stöð 3335 og var klæðingin lögð árið 2017 með 4/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er að mestu leyti í fínu lagi, en skrapaður inn á milli.

Næsti kafli á vegi 61-33 byrjar í stöð 2020 og endar í stöð 2700 frá árinu 2016 með 8/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er að mestu leyti metinn í fínu lagi.

Næsti kafli á vegi 61-33 byrjar í stöð 1330 og endar í stöð 2020 frá árinu 2016 með 8/16 mm steinefni frá Kambsnesi eins og áður. Það veður athygli að lagt hefur verið yfir vinstri akreinina, en hægri akreinin er eins áfram. Þessi vegur er alveg óskemmdur og í mjög góðu lagi. Það er litamunur á steinefninu og þetta yfirlagða á vinstri akreininni er mun dekkra en á hægri akreininni.

Það á svona almennt við um slitlögin á þessu svæði, jafnvel þau sem eru eldri en frá 2014, að þau virðast vera bara í ágætu lagi, til dæmis í Skötufirði.

Á vegi 61-31 er kafli sem byrjar í stöð 11990 og endar í stöð 13660 í botni Skötufjarðar frá árinu 2014 með 11/16 mm steinefni frá Kálfadal. Þessi kafli er nokkuð mikið skafinn af snjóplógum, en svona megnið af yfirborðinu samt í nokkuð góðu lagi.

Á vegi 61-31 er kafli frá stöð 6685 til stöðvar 8240 frá 2016 með 8/11 mm steinefni frá Holtasundi. Þessi kafli er að mestu í þokkalegu lagi, en þó nokkuð skafinn á hryggjum.

Kafli á vegi 61-30 byrjar við stöð 0 og endar við stöð 3700 frá árinu 2017 og er með 8/11 mm steinefni frá Holtasundi. Þessi kafli er að langmestu leyti í góðu lagi, nema það er á stöku stað skrap eftir snjóplóga.

Á vegi 61-27 er kafli sem byrjar við stöð 7100 og endar við stöð 9260 frá árinu 2017 með 4/16 mm steinefni frá Kambsnesi. Þessi kafli er í góðu lagi, en það er lítillega skrapað af hryggjum inn á milli.

Á vegi 61-26 er kafli sem byrjar við stöð 1600 og endar við stöð 4530 frá árinu 2014 með 4/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er nánast óskemmdur og í góðu lagi, en þó er á stöku stað smá skrapað vegna snjómoksturs.

Næst er kafli á vegi 61-25 sem byrjar við stöð 6040 og endar við stöð 7330 frá árinu 2015 með 8/11 mm steinefni frá Grafarhálsi. Kafllinn er að mestu leyti í ágætu lagi, en það er samt gömul viðgerð á honum og fyrirhugaðar frekari viðgerðir. Við endann á kaflanum virðist vera mikið missig og þar hefur vegurinn skemmt talsvert. Kafllinn er metinn í lagi að mestu leyti.

Næsti kafli á vegi 61-25 nær frá stöð 2130 til stöðvar 2370 frá árinu 2017 með 8/16 mm steinefni úr skeringu við stöð 3100. Kafllinn er allur í mjög góðu lagi og nær engar skemmdir á honum.

Næsti kafli er á vegi 61-24 byrjar við stöð 17100 og endar við stöð 19410 frá árinu 2017 með 11/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er bara í mjög góðu lagi, en það er skrapað á einstaka stað.

Kafli á vegi 61-24 byrjar við stöð 12460 og endar við stöð 15650 frá árinu 2018 með 8/16 mm steinefni frá Stöllum. Þessi kafli er metinn í fullkomnu lagi og engar skemmdir á honum.

Á vegi 61-24 er kafli sem byrjar við stöð 10860 og endar við stöð 12460 frá árinu 2016 með 11/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er að mestu leyti í mjög góðu lagi, en þó er lítilsháttar skrapað á hryggnum á vinstri akrein upp bratta brekku við stöð um það bil 11000.

Kafli á vegi 61-24 byrjar við stöð 8980 við stöð 10860 frá árinu 2018 með 8/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er laveg óskemmdur og í mjög góðu lagi.

Á vegi 61-24 er kafli sem byrjar við stöð 7785 og endar við stöð 8980 frá árinu 2017 með 11/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi klæðing er í mjög góðu lagi, en það virðast vera burðarlagsskemmdir og missig í burðarlagi.

Á vegi 61-24 er kafli sem byrjar við stöð 4810 og endar við stöð 7785 frá árinu 2017 með 8/11 mm steinefni frá Grafarhálsi. Það er undarlegt að leggja kafla með 8/11 mm steinefni á milli 11/16 mm kafla á heiðinni, en þessi 8/11 mm kafli er í mjög góðu lagi.

Á vegi 61-24 er kafli sem byrjar við stöð 7785 og endar við stöð 8980 frá árinu 2017 með 11/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er í mjög góðu lagi, en það er smáskrap eftir snjóplóga á stöku stað.

Kafli á vegi 61-23 sem nær frá stöð 4250 til til stöðvar 5990 frá árinu 2018 með 8/16 mm steinefni frá Grafarhálsi. Þessi kafli er í mjög góðu lagi og alveg óskemmdur.

3 Samantekt

Eins og fram kemur í inngangi var ákveðið að takmarka úttektirnar við „hringveginn“ um Vestfirði, þ.e.a.s. vegnúmer 60 til 63 og reyndar var byrjað í Dölunum. Það var einnig ákveðið að takmarka úttektirnar við klæðingar sem lagðar voru 2014 til 2018, en sleppa úttektum á eldri klæðingarköflum, þótt tekið hafi verið eftir að sumar eldri klæðingar voru oft enn í fínu lagi. Hér á eftir er unnið nánar úr gögnunum sem aflað var og ástandi klæðinga lýst eftir aldri, þ.e.a.s. hvaða ár þær voru lagðar. Einnig er klæðingum skipt niður eftir vegnúmeri og skoðað ástand þeirra út frá svæðaskiptingu. Loks er fjallað um heildarástand klæðinga á hringvegi Vestfjarða eins og þær voru teknar út nú í júní 2019. Í raun mætti eflaust reyna að rýna enn frekar í tölfræðileg gögn um ástand klæðingakafla á þessu svæði. Þar mætti nefna þætti svo sem flokkunarstærð steinefnis, magn bindiefnis, berggæði steinefna, umferðartölur og svo framvegis, en hér er settur punktur yfir i-ið í bili, eftir nokkra vinnu við að skoða þessa þætti nánar. Sem dæmi má nefna að prófað var að skoða ástand mismunandi stærðarflokka. Í stuttu máli kom lítið út úr því þar sem um mismunandi steinefnánámur er að ræða og mörgum tilfellum eru takmarkaðar niðurstöður prófana að finna í rannsóknakerfi Vegagerðarinnar. Einnig eru ytri aðstæður, vetrarumferð og vetrarviðhald afar ólíkar eftir svæðum á þessum vegum. Bent skal á töflur með upplýsingum um klæðingar hvers árs fyrir sig í köflunum hér að neðan þar sem hægt er að skoða nánar, t.d. staðsetningar, stærðarflokk steinefna, námur, gerð bindiefnis og svo ástandsmatið sjálft.

Það er mikið matsatriði hvaða kröfur skuli gera til ástands klæðinga. Það ætti að vera hægt að gera þá kröfu að megnið af klæðingum sem eru á bilinu 1-5 ára gamlar séu í lagi. Hafa ber í huga að klæðing er þunnt og viðkvæmt slitlag og ræðst þykktin af stærðarflokki steinefna. Þannig er klæðing úr 8/11 mm steinefni um 11 mm þykk og klæðing úr 11/16 mm steinefni um 16 mm þykk. Á Vestfjörðum er sumsstaðar mikið álag frá snjóplógum sem skafa slitlagið af hryggjum en þar sem slíkt álag er lítið og lítil umferð, er klæðingin víða í nokkuð góðu lagi. Í þessari skýrslu er valin sú leið að meta það svo að klæðingin sjálf geti verið í lagi þó að snjóplógur hafi skafið hana að nokkru leyti af hryggjum. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að draga sem mest úr þessum skemmdum sem snjóplógar valda án þess þó að draga úr umferðaröryggi. Eftir því sem hjólför og hryggir eru meiri á veginum því meira skafa snjóplógarnir af hryggjunum en sléttur vegur stenst þessa árun mun betur. Það er því mikilvægt að hjólfarafylla áður en nýtt lag klæðingar er lagt. Það má segja að ástandsmat þessarar skýrslu miðist við það að mikil áraun af snjóplógum sé áraun sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að klæðing standist til lengdar.


3.1 Klæðingar frá árinu 2014

Hér er um að ræða klæðingar á þremur vegum, eða Vestfjarða-, Djúp- og Barðastrandarvegi. Mest var klætt á hringveginn á Vestfjörðum á Vestfjarðavegi, en þar voru teknir út tæpir 19 km sem lagðir voru 2014. Þarna eru kaflar sem metnir voru allt frá því að vera óskemmdir yfir í að vera ónýtir og yfirlagðir 2019, þ.e.a.s. áður en þetta ástandsmat fór fram. Mest af því sem metið var ónýtt var á svæði frá Dölunum (frá Laxárdal) og langleiðina að Þröskuldum á vegi nr. 60, vestfjarðarvegi. Það sem var metið óskemmt var mikið til þar vestan við vegamótin (mun minni umferð). Á Djúpvegi nr. 61 var ástand metið á tæpum 14 km af klæðingum frá 2014 og voru þær gjarnan metnar í lagi, en lítillaga skrapaðar af snjóplógum. Á Barðastrandarvegi nr. 62 voru metnir tæpir 7 km af klæðingum frá 2014 og munaði þar mest um tæplega 3,5 km kafla á vegi 62-03, þar sem vegurinn í heild sinni var metinn ónýtur og að hann þarfnist styrkingar. Tafla 3.1 sýnir ástandsmat klæðingakafla sem lagðir voru 2014 og teknir út í júní 2019, raðað eftir vagnúmerum.

Tafla 3.1 Ástandsmat klæðingakafla sem lagðir voru 2014 á hringvegi Vestfjarða

Vegheiti	Mörk kafla		Vegnr.	Kaflí	Upphaf	Endir	Lengd	Dags. útlagnar	Stærðarfll. steinefnis	Bindie.-gerð	Magn bindie.	Námunr.	Námuheiti	Ástandsmat
Vestfjarða-vegur	Laxárdalsvegur	Búðardalur	60	5	0	880	880	28/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22426	Leiðófsstaðir	Ónýtt, yfirlagt 2019
			60	5	940	1019	79	28/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22426	Leiðófsstaðir	Ónýtt, yfirlagt 2019
			60	5	1019	1890	871	28/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22426	Leiðófsstaðir	Ónýtt, yfirlagt 2019
	Búðardalur	Klofningsvegur	60	7	2240	3900	1660	27/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22426	Leiðófsstaðir	Óskemmt
			60	8	2610	4610	2000	28/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, mikið skrapað
	Klofningsvegur	Kjartanssteinn	60	8	8560	9035	475	28/05/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, mikið skrapað
			60	28	6445	8960	2515	27/07/2014	8/16 mm	Þjálbik	1,7	22003	Klettsháls	Óskemmt
	Fremri-Gufudalsv.	Kleifastaðir	60	30	11200	11720	520	23/07/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,5	22491	Gormur - klöpp	Í lagi, viðgert að hluta
			60	30	180	1780	1600	23/07/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
	Mjóafjarðarbrú	Kjálkafjarðarbrú	60	32	3640	4935	1295	12/09/2014	8/11 mm	Þjálbik	1,7	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	32	7600	10010	2410	17/09/2014	8/11 mm	Þjálbik	1,7	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
	Kjálkafjarðarbrú	Fossá (bær)	60	33	0	1600	1600	17/09/2014	8/11 mm	Þjálbik	1,7	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	44	5146	7899	2753	08/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22426	Leiðófsstaðir	Í lagi, lítillaga skrapað
	Djúpvvegur	Laugaból	sveitarf.mörk	61	26	1600	4530	2930	05/06/2014	4/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls
61				31	11990	13660	1670	06/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20578	Kálfadalur	Í lagi, mikið skrapað
Hvítanessvegur		Hestfjarðará	61	33	10360	13840	3480	06/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20578	Kálfadalur	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	34	0	500	500	07/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20578	Kálfadalur	Í lagi, lítillaga skrapað
Eyrarkirkja		Minni-Hattard.v.	61	35	4090	5540	1450	07/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20578	Kálfadalur	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	35	5540	9280	3740	08/06/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20578	Kálfadalur	Í lagi, lítillaga skrapað
Barðastr.-vegur	Vestfjarðavegur	Brjánslækjarv.	62	1	450	2710	2260	27/07/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	17817	Brjánslækur	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	3	11660	15145	3485	25/07/2014	8/11 mm	Þjálbik	1,5	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			62	4	1210	2695	1485	26/07/2014	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, mikið skrapað

Mynd 3.1 sýnir ástandsmat klæðingarkafllanna sem lagðir voru 2014 á „hringvegi“ Vestfjarða.



2014	lengd, m
Óskemmt	14.010
í lagi, lítillaga skrapað	14.182
í lagi, mikið skrapað	5.630
í lagi, viðgert að hluta	520
Ónýtt, yfirlagt 2019	1.830
Ónýtur vegur	3.485
	39.657

Mynd 3.1 Ástandsmat klæðingakafla sem lagðir voru 2014 á hringvegi Vestfjarða

Eins og sjá má eru um 70% klæðinga frá 2014 metnar óskemmdar eða lítillaga skrapaðar af snjóplógum. Ef með eru taldar klæðingar sem eru metnar mikið skrapaðar af snjóplógum, en þó ekki ónýtar, eru um 85% klæðinga frá 2014 metnar í lagi. Þá eru eftir 15% þar sem er viðgert, yfirlagt og/eða vegur metinn ónýtur í heild sinni, en þar er um að ræða einn kafla (um 3,5 km langan) á vegi nr. 62-3 eins og fyrr sagði, en hann er á veginum milli Tálknafjarðarvegur og Ketildalavegar.


3.2 Klæðingar frá árinu 2015

Hér er um að ræða klæðingar á þremur vegum, eða Vestfjarða-, Djúp- og Bíldudalsvegi. Mest var klætt á hringveginn á Vestfjörðum á Vestfjarðavegi nr. 60, en þar voru teknir út rúmir 19 km sem lagðir voru 2015. Segja má að á þessum vegi séu flestir kaflarnir sem teknir voru út óskemmdir eða lítillaga skrapaðir af snjóplógum, þótt einn kafla, tæpur 1 km, hafi verið metinn ónýtur á þessum vegi, mikið skrapaður og slitinn í gegn. Á Djúpvegi nr. 61 voru teknir út ríflega 12 km sem lagðir voru 2015 og voru þeir yfirleitt metnir í lagi, en þó skrapaðir af snjóplógum á hryggjum að einhverju marki. Á Bíldudalsvegi nr. 63 voru teknir út tæpir 6,5 km frá árinu 2015, en í öllum tilfellum var vegurinn metinn ónýtur í heild sinni (þar með talin klæðingin) og hann talinn þarfnast styrkingar. Tafla 3.2 sýnir ástandsmat klæðinga sem lagðar voru 2015 og teknar út í júní 2019, raðað eftir vagnúmerum.

Tafla 3.2 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2015 og metnar 2019

Vegheiti	Mörk kaffla		Vegnr.	Kaffli	Upphaf	Endir	Langd	Dags. útlagnar	Stærðarfl. steinefnis	Bindi-efni	Magn bindie.	Námunr.	Námuheiti	Ástandsmat
Vestfirjarvegur	Klofningsvegur	Kjartanssteinn	60	8	5585	8560	2975	13/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, lítillaga skrapað
			60	8	770	2610	1840	13/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, mikið skrapað
			60	8	4610	5585	975	13/06/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,5	19598	Stallar	Ónýtt, skrapað og slitid í gegn
	Kjartanssteinn	Klofningsvegur	60	9	1415	2790	1375	14/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, lítillaga skrapað
			60	30	8630	10215	1585	18/07/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	22491	Gormur - klöpp	Í lagi, lítillaga skrapað
			60	31	8940	8990	50	20/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	2,3	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	31	12980	12990	10	20/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	2,3	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	31	8990	12980	3990	19/07/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,9	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	32	0	3640	3640	18/07/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,9	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
			60	32	4935	7600	2665	18/07/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,9	22491	Gormur - klöpp	Óskemmt
Djúpvegur	Hólmauvíkvegur	Strandavegur	61	21	30	2130	2100	17/06/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,5	19117	Kleifabjörg	Í lagi, mikið skrapað
			61	25	6040	7330	1290	14/06/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,5	17696	Grafarháls	Í lagi, viðgert að hluta
	Snæfjallastrandarv.	Laugaból	61	33	3335	5510	2175	14/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, mikið skrapað
			61	34	500	1525	1025	14/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
	Hvítanesvegur	Hestfjarðará	61	35	9280	11715	2435	15/06/2015	8/11 mm	Þjálbik	1,5	20578	Kálfadalur	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	36	555	1610	1055	15/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
	Hestfjarðará	Eyrarkirkja	61	36	2750	4810	2060	15/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	36	2750	4810	2060	15/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
	Eyrarkirkja	Minni-Hattardalsv.	61	36	555	1610	1055	15/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	36	2750	4810	2060	15/06/2015	0/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
Bíldudalsvegur	Sveitarfélagsmörk	Tálknafjarðarvegur	63	2	6580	7400	820	20/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			63	3	10753	12938	2185	19/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			63	3	2976	6439	3463	20/06/2015	11/16 mm	Þjálbik	1,8	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur

Mynd 3.2 sýnir ástandsmat klæðingarkafllanna sem lagðir voru 2015 á „hringvegi“ Vestfirjarða.



Mynd 3.2 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2015 og metnar 2019

Myndin sýnir að um 60% klæðinganna sem lagðar voru árið 2015 eru annað hvort óskemmdar eða lítillaga skrapaðar af snjóplóg og skiptist nokkurn veginn jafnt niður í vegalengdum. Mun minna er af mikið skröpuðum klæðingum, eða um 16%. Allt sem er metið alveg óskemmt er á Vestfirjarvegi frá Skálmadalsá að Kjálkafjarðarbrú og svo eru klæðingar sem skrapaðar eru á hryggjum að einhverju marki bæði á Vestfirjarvegi og Djúpvegi. Viðgerðar klæðingar, skrapaðar og slitnar í gegn og ónýtir vegir eru um 23% þess sem lagt var 2015 og tekið út 2019, þar af eru ónýtu vegirnir á Bíldudalsvegi stærsti hlutinn, eða 17%. Að ónýtum vegum frátöldum mætti því álykta

að klæðingar sem lagðar voru á „hringveg“ Vestfjarða árið 2015 hafi staðist nokkuð vel þótt snjóplógar hafi skemmt nokkurn hluta þeirra að einhverju marki.


3.3 Klæðingar frá árinu 2016

Hér er um að ræða klæðingar á þremur vegum, eða Vestfjarða-, Djúp- og Barðastrandarvegi. Mest var klætt á „hringveginn“ á Vestfjörðum á Djúpvegi nr. 61, en þar voru teknir út tæpir 9 km sem lagðir voru 2016. Allar klæðingar sem lagðar voru á Djúpveg 2016 eru enn óskemmdar eða lítillaga skrapaðar nema einn kafli (um 1,5 km) sem er mikið skrapaður af snjóplógum. Á Barðastrandarveg voru lagðir rúmir 4 km árið 2016 og er það allt lítillaga skrapað af plógum eða viðgert að hluta. Á Vestfjarðavegi er einn kafli sem telst vera ónýtur, einn viðgerður að hluta og einn lítillaga skrapaður á hryggjum. Vakin er athygli á því að árið 2016 virðist hafa verið tiltölulega lítið lagt af klæðingum á „hringvegi“ Vestfjarða miðað við hin árin sem hér eru til umfjöllunar, einungis um 16,5 km, en hin öll hin árin voru lagðir 30 til 52 km árlega. Tafla 3.3 sýnir ástandsmat klæðingakafla sem lagðir voru 2016 og teknir út í júní 2019, raðað eftir vegnúmerum.

Tafla 3.3 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2016 og metnar 2019

Vegheiti	Mörk kafli		Vegnr.	Kafli	Upphaf	Endir	Lengd	Dagsetning	Stærðarfl. steinefnis	Bindi-efni	Magn bindie.	Námunr.	Námuheiti	Ástandsmat
Vestfjarðavegur	Búðardalur	Klofningsvegur	60	7	7800	9000	1200	21/08/2016	8/11 mm	þjálbik	1,6	22426	Leiðólfsstaðir	Í lagi, viðgert að hluta
			60	9	20	1415	1395	31/08/2016	11/16 mm	þjálbik	1,9	22426	Leiðólfsstaðir	Í lagi, lítillaga skrapað
	Kjartanssteinn	Klofningsvegur	60	9	2790	3790	1000	31/08/2016	8/11 mm	þjálbik	1,5	22426	Leiðólfsstaðir	Ónytt, skrapað og slitid í gegn
Djúpvegur	Þorskafjarðarv.	Snæfjallastr.v.	61	24	10860	11540	680	12/06/2016	11/16 mm	þjálbik	1,9	17696	Grafarháls	Óskemmt
			61	24	11540	12460	920	12/06/2016	11/16 mm	þjálbik	1,9	17696	Grafarháls	Óskemmt
	Hjallar	Kleifaós	61	31	6685	8240	1555	10/06/2016	8/11 mm	þjálbik	1,6	17721	Holtasund	Í lagi, mikið skrapað
			61	33	1330	2020	690	10/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,6	17735	Kamsnes	Óskemmt
	Hvítanesvegur	Hestfjarðará	61	33	2020	2700	680	10/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Óskemmt
			61	33	6000	6630	630	10/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Óskemmt
			61	33	6630	8060	1430	12/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Óskemmt
			61	34	2110	2740	630	12/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
	Hestfjarðará	Eyrarkirkja	61	34	2740	3620	880	12/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	34	5440	6300	860	12/06/2016	8/16 mm	þjálbik	1,8	17735	Kamsnes	Í lagi, lítillaga skrapað
62			5	7720	10510	2790	21/09/2016	8/11 mm	þunnbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað	
Barðastr.-vegur	Örlygshafnarv.	Bildudalsvegur	62	5	11430	11530	100	21/09/2016	11/16 mm	þunnbik	1,9	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	5	6765	7720	955	27/09/2016	8/11 mm	þjálbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	5	11890	12170	280	21/09/2016	8/11 mm	þunnbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, viðgert að hluta
			62	5	7720	10510	2790	21/09/2016	8/11 mm	þunnbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, viðgert að hluta

Mynd 3.3 sýnir ástandsmat klæðingarkafllanna sem lagðir voru 2016 á „hringvegi“ Vestfjarða.



Mynd 3.3 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2016 og metnar 2019

Eins og myndin sýnir er ástand klæðingakafla frá 2016 á hringvegi Vestfjarða nokkuð gott, 75% kaflanna sem voru teknir út eru óskemmdir eða lítillaga skrapaðir af snjóplógum. Þar að auki eru um 10% metnir í lagi, en mikið skrapaðir á hryggjum eftir plóga. Þau 15% sem eru ekki í lagi eru um 1,5 km sem hafa verið viðgerðir að hluta og einn kafli, 1 km langur, er metinn alveg ónýtur. Eins og fyrr segir er þessi tölfræði ekki byggð á mjög miklum vegalengdum og má benda á að þau 6% sem eru metin alveg ónýtt eru einungis 1 km vegalengd. Báðir kaflarnir sem eru illa farnir eru nálægt Búðardal, þar sem umferð er tiltölulega mikil.


3.4 Klæðingar frá árinu 2017

Hér er um að ræða klæðingar á öllum fjórum vegum „hringvegarins“, þ.e.a.s. Vestfjarðavegi, Djúpvegi, Barðastrandarvegi og Bíldudalsvegi. Mest var metið af klæðingum á „hringveginum“ á Vestfjörðum frá árinu 2017 eða samtals 52 km, þar af mest á Djúpvegi nr. 61, en þar voru teknir út tæpir 23 km sem lagðir voru 2017. Þessir kaflar eru að langmestu leyti óskemmdir eða lítillaga skrapaðir á hryggjum eftir snjóplóga. Næstmest var var metið af klæðingum á Vestfjarðavegi nr. 60, eða um 14 km og eru þær klæðingar metnar að mestu leyti óskemmdar eða lítillaga skrapaðar af plóg, en þó er einn kafli viðgerður og annar mikið skrapaður. Á Barðastrandarvegi voru metnir múmlega 8 km af klæðingu frá 2017 og eru þeir allir í lagi, en mismikið skrapaðir á hryggjum eftir plóg. Loks voru metnir liðlega 7 km á Bíldudalsvegi, en þar er vegurinn allur metinn ónýtur (þar með talin klæðingin) og þarfnast styrkingar. Tafla 3.4 sýnir ástandsmat klæðinga sem lagðar voru 2017 og teknar út í júní 2019, raðað eftir vegnúmerum.

Tafla 3.4 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2017 og metnar 2019

Vegheiti	Mörk kafla	Vegnr.	Kaffi	Upphaf	Endir	Lengd	Dagsetning	Stærðarf. steinefnis	Bindi-efni	Magn bindie.	Námunr.	Námuheiti	Ástandsmat	
Vestfjarða-vegur	Búðardalur	Klofningsv.	60	7	3900	5840	1940	01/08/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	22426	Leiðófsstaðir	Í lagi, viðgert að hluta
	Kjartanssteinn	Klofningsv.	60	9	3790	5120	1330	31/07/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	19598	Stallar	Í lagi, mikið skrapað
	Reykhólasv.	Þorskafj.v.	60	24	1520	5900	4380	31/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	1,9	19598	Stallar	Óskemmt
	Kollafj.heiði	Skálmardalsá	60	30	4970	7340	2370	01/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	22497	Vestan Baulul.	Í lagi, lítillaga skrapað
			60	30	10330	11200	870	01/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	22497	Vestan Baulul.	Óskemmt
	Ingjaldssandsv.	Önundarfj.v.	60	44	1944	2743	799	13/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	22694	Kýrá	Óskemmt
			60	44	3570	5136	1566	13/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	22694	Kýrá	Óskemmt
Önundarf.v.	Flateyrarv.	60	45	0	930	930	01/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	1,9	22694	Kýrá	Óskemmt	
Djúpvegur	Veðurstöð	Innstrandav.	61	2	3450	6300	2850	30/07/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	19117	Kleifabjörg	Í lagi, mikið skrapað
			61	24	7785	8980	1195	29/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	17696	Grafarháls	Í lagi, lítillaga skrapað
	Þorskafjarðarv.	Snæfjallastr.v.	61	24	17100	19410	2310	29/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	1,7	17696	Grafarháls	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	24	4810	7785	2975	30/07/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	17696	Grafarháls	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	24	5	4810	4805	29/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	17696	Grafarháls	Óskemmt
	Snæfjallastr.v.	Laugaból	61	25	2130	2370	240	23/08/2017	8/16 mm	Þjálbik	1,7	22740	Skering 3100	Óskemmt
	Eyrarfjall	Reykjanesv.	61	27	7100	9260	2160	28/07/2017	4/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsbnes	Óskemmt
	Strandseljav.	Hjallar	61	30	0	3700	3700	12/06/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,6	17721	Holtasund	Í lagi, lítillaga skrapað
	Hvítanesvegur	Hestfjarðará	61	33	2700	3335	635	28/07/2017	4/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsbnes	Í lagi, lítillaga skrapað
			61	33	9300	10360	1060	28/07/2017	4/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsbnes	Í lagi, lítillaga skrapað
	Hestfjarðará	Eyrarkirkja	61	34	1525	2110	585	28/07/2017	4/16 mm	Þjálbik	1,8	17735	Kamsbnes	Í lagi, lítillaga skrapað
Barðarstr.-vegur	Siglunesvegur	Örlyghafnarv.	62	4	2695	5060	2365	08/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	4	5550	6385	835	08/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	4	6480	10095	3615	09/07/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, lítillaga skrapað
			62	4	10095	11700	1605	07/07/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, mikið skrapað
Bildudals-vegur	Sveitarf.mörk	Tálknafjarðarv.	63	2	0	2670	2670	27/06/2017	8/11 mm	Þjálbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			63	2	4215	5900	1685	27/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			63	2	5900	6580	680	27/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur
			63	2	9110	11165	2055	27/06/2017	11/16 mm	Þjálbik	2,0	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur

Mynd 3.4 sýnir ástandsmat klæðinga sem lagðar voru 2017 á „hringvegi“ Vestfjarða.



2017	lengd, m
Óskemmt	15.749
Í lagi, lítillaga skrapað	21.645
Í lagi, mikið skrapað	5.785
Í lagi, viðgert að hluta	1.940
Ónýtur vegur	7.090
	52.209

Mynd 3.4 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2017 og metnar 2019

Eins og myndin sýnir eru um 70% klæðinganna sem lagðar voru út árið 2017 óskemmdar eða lítillaga skrapaðar á hryggjum af snjóplógum. Við það bætast 11% klæðinga sem eru metnar í lagi, en mikið skrapaðar eftir plóg. Gert hefur verið við 4% klæðinga frá árinu 2017 og í 14% tilfella er um að ræða ónýtan veg og þar með talin

klæðingin. Þessir ónýtu vegir eru, eins og við mat á eldri klæðingum, allir á Bíldudalsveginum langleiðina milli Patreksfjarðar og Arnarfjarðar og virðast meira og minna vera orðnir burðarlitlir og sprungunet víða sjáanlegt í eldri klæðingunni. Víða stendur til að bletta yfir sprungunetin, en það er líklega ekki vænlegt til endingar, þar sem styrkja þyrfti burðarlögin fyrst.


3.5 Klæðingar frá árinu 2018

Hér er um að ræða klæðingar á öllum fjórum vegum „hringvegarins“, þ.e.a.s. Vestfjarðavegi, Djúpvegi, Barðastrandarvegi- og Bíldudalsvegi. Mest var metið af klæðingum frá árinu 2018 á „hringveginum“ á Vestfjörðum á Vestfjarðavegi nr. 60, en þar voru teknir út tæpir rúmlega 14 km. Þessir kaflar voru margir hverjir óskemmdir eða lítillaga skrapaðir af snjóplógum, en einnig eru þarna bindiefnisríkir kaflar áberandi, en það þarf ekki að vera veikleikamerki. Á Djúpvegi nr. 61 voru metnir tæplega 7 km af klæðingum frá 2018 og voru þær allar metnar óskemmdar. Á Barðastrandarvegi nr. 62 voru metnir ríflega 2 km af klæðingum frá 2018 og voru þær annað hvort feitar eða lítillaga skrapaðar af plóg, en í lagi. Á Bíldudalsveginum nr. 63 var metinn einn tæplega 2 km langur kafli frá 2018, en það var eins og áður á þessum vegi að vegurinn sjálfur var metinn ónýtur og þar með hin árgamla klæðing líka. Tafla 3.5 sýnir ástandsmat klæðingakafla sem lagðir voru 2018 og teknir út í júní 2019, raðað eftir vegnúmerum.

Tafla 3.5 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2018 og metnar 2019

Vegheiti	Mörk kafa		Vegnr.	Kafli	Upphaf	Endir	Lengd	Dagsetning	Stærðarfll. steinefnis	Bindi-efni	Magn bindie.	Námunnr.	Námuheiti	Ástandsmat
Vestfjarða-vegur	Gröf	Snæfellsnesv.	60	3	1600	1920	320	18/09/2018	11/16-4/8 mm	Þunnbik	1,9	22426	Leiðólfstaðir	Í lagi, feitt
			60	3	1950	2740	790	18/09/2018	11/16-4/8 mm	Þunnbik	1,9	22426	Leiðólfstaðir	Í lagi, feitt
	Búðardalur	Klofningsvegur	60	7	9000	10190	1190	17/09/2018	11/16 mm	Þunnbik	1,9	22426	Leiðólfstaðir	Í lagi, lítillaga skrapað
			60	7	5840	6820	980	07/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,6	22426	Leiðólfstaðir	Óskemmt
			60	7	6820	7760	940	07/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,6	22426	Leiðólfstaðir	Óskemmt
			60	9	6400	7700	1300	27/08/2018	11/16 mm	Þjálbik	2	19598	Stallar	Í lagi, lítillaga skrapað
	Kjartanssteinn	Klofningsvegur	60	9	5520	6200	680	27/08/2018	11/16 mm	Þjálbik	2	19598	Stallar	Í lagi, viðgert að hluta
			60	9	8200	10950	2750	27/08/2018	11/16 mm	Þjálbik	2	19598	Stallar	Í lagi, viðgert að hluta
			60	22	1620	3160	1540	29/09/2018	8/11 mm	Þunnbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, feitt
	Djúpvvegur	Reykholasv.v.	60	23	7313	8969	1656	30/09/2018	8/11 mm	Þunnbik	1,8	19598	Stallar	Í lagi, lítillaga skrapað
	Reykholasv.v.	Þorskafjarðarv.	60	24	7520	8310	790	15/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,6	19598	Stallar	Í lagi, feitt
	Þorskafjarðarv.	Gröf	60	25	0	420	420	15/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,6	19598	Stallar	Í lagi, feitt
			60	25	480	6940	6460	27/09/2018	8/11 mm	Þunnbik	1,9	19598	Stallar	Í lagi, mikið skrapað
61			23	4250	4460	210	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls	Óskemmt	
Djúpvvegur	Sunndalsá	Þorskafjarðarv.	61	23	4460	5830	1370	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls	Óskemmt
			61	23	5830	5990	160	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls	Óskemmt
			61	24	8980	10010	1030	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls	Óskemmt
	Þorskafjarðarv.	Snæfjallastr.v.	61	24	10010	10860	850	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	17696	Grafarháls	Óskemmt
			61	24	12460	13960	1500	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	19696	x	Óskemmt
			61	24	13960	15520	1560	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	19696	x	Óskemmt
			61	24	15520	15650	130	06/09/2018	8/16 mm	Þjálbik	1,8	19696	x	Óskemmt
Barðarstr.-vegur	Krossvegur	Siglunesvegur	62	3	2695	3920	1225	14/09/2018	11/16 mm	Þjálbik	1,9	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, mikið skrapað
			62	3	3939	4250	311	14/09/2018	11/16 mm	Þjálbik	1,9	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, mikið skrapað
	Örlygshafnarv.	Bíldudalsvegur	62	5	0	240	240	14/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,6	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, feitt
62			5	2130	2675	545	14/09/2018	8/11 mm	Þjálbik	1,7	20380	Ofan Kleifabúa	Í lagi, feitt	
Bíldudalsv.	Sveitarfélagsm.	Tálknafjarðarv.	63	2	7400	9110	1710	15/09/2018	11/16 mm	Þjálbik	1,9	20380	Ofan Kleifabúa	Ónýtur vegur

Mynd 3.5 sýnir ástandsmat klæðinga sem lagðar voru 2018 á hringvegi Vestfjarða.




Mynd 3.5 Ástandsmat klæðinga sem lagðar voru árið 2018 og metnar 2019

Eins og myndin sýnir eru 43% klæðinganna frá 2018 óskemmdar og/eða feitar í hjólförum, sem ætti ekki að koma að sök ef ekki blæðir. Einnig eru um 40% klæðinganna frá 2018 meira og minn skrapaðar af snjóplógum. Segja má að mestallar klæðingar sem lagðar voru 2018 á Djúpveg nr. 61 séu alveg óskemmdar eftir fyrsta veturinn, en það sem er skrapað og/eða viðgert að hluta er hvað mest á Vestfjarðarvegi nr. 60, þar sem umferð er einna mest og þjónustustigið einnig. Þar sem metinn er ónýtur vegur og þar með ónýt klæðing frá árinu 2018 er á Bíldudalsvegi eins og á við um klæðingar sem lagðar voru á þann veg á fyrri árum.

3.6 Ástandsmat flokkað eftir vegheitum


Á Vestfjarðavegi nr. 60 voru teknir út ríflega 75 km af klæðingum frá árunum 2014 til 2018 og þeir ástandsmetnir. Mynd 3.6 sýnir að ástand kaflanna er á heildina litið gott og einungis lítill hluti klæðinganna eru ónýtar, eða um 6%.



Mynd 3.6 Ástandsmat klæðinga á Vestfjarðavegi nr. 60 óháð aldri

Þrjú kaflar voru yfirlagðir árið 2019 á þessum vegi, en þeir voru allir lagðir árið 2014. Kaflarnir tveir sem eru metnir ónýtir, skrapaðir og slitnir í gegn eru frá árunum 2015 og 2016. Allir þessir fimm ónýtu kaflar eiga það sammerkt að vera nálægt Búðardal, þar sem umferð er tiltölulega mikil og einnig mikið vetrarviðhald. Alveg óskemmdir kaflar á Vestfjarðarvegi eru metnir sem slíkir frá öllum árunum, nema 2016, en það ár voru reyndar einungis þrjú kaflar lagðir á þennan veg og er einn metinn ónýtur, en hinir tveir lítillaga skrapaðir eða viðgerðir að hluta. Svo má benda á að kaflar frá 2018 eru að hluta til nokkuð feitir í hjólförum, en slíkt sést ekki í eldri köflum. Það virðist í fljótu bragði ekki hægt að benda á að ein steinefnanáma á svæðinu sé endilega endingarbetri en önnur og reyndar ekki heldur stærðarflokkur steinefna. Það sem mestu ræður um ástand klæðinga á þessum vegi er umferðaráraun (aðallega nagladekkjaslit), svo og vetrarþjónusta sem veldur því að umtalsverður hluti klæðinganna ber merki um að snjóplógar hafi skrapað af hryggjum í meira eða minna mæli.


Á Djúpvegi nr. 61 voru teknir út og ástandsmetnir ríflega 64 km frá árunum 2014 til 2018. Mynd 3.7 sýnir að ástand kaflanna er á heildina litið gott og engir kaflar eru metnir ónýtir þótt einn kafli frá árinu 2015 sé viðgerður að hluta.



Mynd 3.7 Ástandsmat klæðinga á Djúpvegi nr. 61 óháð aldri

Það sést á myndinni að megnið af klæðingunum eru metnar óskemmdar eða í lagi, en lítillaga skrapaðar á hryggjum af völdum snjóplóga, samtals rúmlega 80% klæðinganna sem metnar voru. Klæðingar sem eru áberandi mikið skrapaðar á hryggjum, en þó nokkurn veginn í lagi í hjólförum eru 16% og eins og fyrr segir er einn kafli frá 2015 viðgerður að hluta. Klæðingar frá árunum 2014 og 2015 eru á heildina litið allar meira og minna skrapaðar á hryggjum af snjóplógum, en það á líka við um yngri klæðingar að hluta. Rúmlega helmingur klæðinga frá árinu 2016 á þessum vegi (5 km af 9 km samtals) eru metnar alveg óskemmdar, 2,3 km lítillaga skrapaðar og einn kafli, um 1,5 km að lengd, er metinn mikið skrapaður. Það má því segja að það virðast vera fá önnur vandamál á Djúpveginum en skemmdir af völdum snjóplóga, en vetrarumferð er lítil og nær því ekki að slíta steinefninu mikið í hjólförum.


Á Barðastrandavegi nr. 62 voru teknir út og ástandsmetnir ríflega 22 km frá árunum 2014 til 2018. Mynd 3.8 sýnir ástand kaflanna við ástandsmat í júní 2019.



Mynd 3.8 Ástandsmat klæðinga á Barðastrandavegi nr. 62 óháð aldri

Það vekur athygli að enginn kafli er metinn alveg óskemmdur á þessum vegi, en 4% eru metin í lagi, en feit í hjólförum og það eru kaflar frá árinu 2018 eins og gefur að skilja. Að öðru leyti er ástand klæðinganna á þessum vegi á heildina litið nokkuð gott og tæp 60% eru metin í lagi, en lítillega skröpuð af snjóplógum. Um 20% klæðinga vegarins eru metnar mikið skrapaðar á hryggjum, en hjólför þó í nokkuð góðu lagi. Allir kaflarnir sem voru metnir og lagðir á Barðastrandaveg árin 2014 til 2018 (þó ekkert frá árinu 2015) eru með sama steinefni úr námu ofan Kleifabúa utan einn frá 2014 með steinefni frá Brjánlæk. Segja má að almennt eru klæðingarnar meira eða minna skrapaðar af snjóplógum og á það við um klæðingar frá öllum árunum sem metnar voru. Það sem er metið sem ónýtur vegur og þar með talin klæðingin sjálf er einn kafli frá árinu 2014, um 3,5 km langur og er sá kafli á vegi 62-03 frá Krossvegi og að Siglunesvegi, sem sagt þar sem sveigt er frá Barðastöndinni og upp í átt að Kleifaheiði. Annar kafli frá 2014 er á vegi 62-04, sem sagt aðeins ofar og er hann metinn í lagi, en mikið skrapaður.

Á Bíldudalsvegi nr. 63 voru teknir út og ástandsmetnir ríflega 15 km frá árunum 2014 til 2018. Mynd 3.9 sýnir ástand kaflanna við ástandsmat í júní 2019.




Mynd 3.9 Ástandsmat klæðinga á Bíldudalsvegi nr. 63 óháð aldri

Það er skemmst frá því að segja að allar klæðingar sem voru ástandsmetnar á Bíldudalsvegi voru lagðar á veg sem var svo illa farinn að hann var metinn ónýtur í öllum tilfellum og þar með taldar klæðingarnar á honum. Þær klæðingar sem lagðar voru á Bíldudalsveginn og metnar árið 2019 eru frá árunum 2015, 2017 og 2018, en draga má þann lærdóm að ef vegur er ónýtur og undirlag nýrrar klæðingar er krosssprungið eru litlar líkur á að nýja klæðingin endist fyrsta veturinn. Auk þess að undirlagið sé mikið sprungið (og útsprautað bindiefni hverfur því að hluta niður í sprungurnar og tapast), er burður vegarins orðinn lítill og vafalaust talsverðar frosthreyfingar á honum. Þar við bætist að á þessum vegi er umtalsverð vetrarumferð um Suðurfirðina yfir heiðar með meðfylgjandi vetrarviðhaldi um miklar brekkur og beygjur. Að mati skýrsluhöfunda þarfnast þessi vegur í heild sinni endurbyggingar og styrkingar og að í raun sé lítið gagn af því að leggja nýjar klæðingar og/eða bletta í verstu blettina á svona veg.

3.7 Ástandsmat allra klæðinga frá árinu 2014 til 2018

Eins og fram hefur komið hér að framan er ástand klæðinga sem lagðar voru á árunum 2014 til 2018 á „hringveg“ Vestfjarða nokkuð mismunandi eins og gefur að skilja, bæði eftir árum en ekki síður eftir svæðum. Mynd 3.10 sýnir ástandsmat allra klæðinga frá 2014 til 2018 sem metnar voru í júní 2019.



Mynd 3.10 Ástandsmat allra klæðingarkafila frá 2014 til 2018 sem metnir voru í júní 2019

Myndin sýnir að 30% allra klæðinga á „hringvegi“ Vestfjarða frá árunum 2014 til 2018 voru metnar óskemmdar við ástandsmat í júní 2019. Óskemmdir kaflar eru metnir til staðar frá öllum árunum og er hlutfall þeirra svipað öll árin, eða um 30% allra klæðinga hvers árs. Klæðingar sem voru metnar í lagi en feitar eru metnar 3% af heildinni, en þær eru allar árgamlar. Klæðingar sem eru í lagi en skrapaðar eru metnar 33% allra klæðinga frá 2014 til 2018 og mikið skrapaðar klæðingar (með hjólför nokkurn veginn í lagi) eru metnar 15% af heildinni. Um 6% eru viðgerð að hluta, þar sem viðgerðir virðast hafa tekist vel, en ekki er alltaf vitað hvenær viðgerðir eða blettanir fóru fram. Einungis 2% klæðinganna sem voru metnar, eða tæpir 4 km af 177 km eru metnar ónýtar, skrapaðar og slitnar í gegn, eða yfirlagðar 2019. Loks er að nefna að um 11% klæðinganna sem metnar voru ónýtar eru á vegum sem einnig eru metnir ónýtir og er mest allt á Bíldudalsvegi nr. 63 eins og fram hefur komið hér að framan, eða ríflega 15 km af tæplega 18 km sem metnir voru á þennan hátt.

4 Umræða

Segja má að ef koma mætti í veg fyrir með einhverjum hætti að snjóplógar skemmi klæðingarnar sem metnar voru frá árunum 2014 til 2018 eins og raun ber vitni væri ástand klæðinga á heildina lítið vel ásætlanlegt, þar sem um 80% þeirra væri í lagi. Það sem skrapast úr klæðingunum eru vissulega að mestu hryggir á milli hjólfara og milli akreina og því má segja að þær klæðingar þarfnist ekki yfirlagnar á meðan hjólförin eru sæmilega heil og með viðunandi steinefnabekju. Hryggirnir utan hjólfaranna myndast vegna þess að eftirþjöppun á burðarlagi eða eldri klæðingu á sér stað í hjólförum eftir útlögn og/eða að steinefnið slitnar niður í hjólförunum vegna nagladekkjaáraunar. Oft er þessi staða undirliggjandi, þ.e.a.s. hjólför eru til staðar í klæðingu sem lagt er ofan á, en þá eru þau einnig til staðar í nýju klæðingarþekjunni. Þess vegna geta nýjar klæðingar skrapast mikið á hryggjum á fyrsta vetri eftir útlögn. Skrap af völdum snjóplóga veldur því að klæðingin lítur mun ver út en óskröpuð klæðing, en það sem verra er; í raun hefði verið óþarfi að kosta til bæði bindiefni og steinefni á hryggina sem skrapast svo af. Nær hefði verið að leggja eingöngu í hjólförin, en best hefði auðvitað verið að fylla í hjólförin og jafna þannig veginn og heilklaða svo yfir. Ef þversnið vegarins næst tiltölulega slétt er mun minni hætta á að snjóplógar nái að skrapa steinefninu burt.

Benda má á að það er afar sjaldgæft að klæðingar á „hringvegi“ Vestfjarða sem teknar voru út 2019 séu slitnar í gegn af völdum nagladekkja og þar með metnar ónýtar. Slíkt var einungis metið á Vestfjarðavegi nærri Búðardal, þar sem umferðin er líklega einna mest af þeim vegum sem metnir voru og klæðingarlagið þunnt (8/11 mm). Því má segja að nagladekkjaslit á vegum á „hringveginum“ á Vestfjörðum virðist almennt ekki vera mikið vandamál, þar sem vetrarumferð er tiltölulega lítil.

Af þeim 177 km sem voru ástandsmetnir á hringvegi Vestfjarða voru tæpir 19 km metnir ónýtir vegir og þar með talin klæðingin sem á þá hafði verið lögð. Flestallir þessir ónýtu vegir eru á Bíldudalsvegi, en þar voru metnar klæðingar sem lagðar voru á árunum 2015, 2017 og 2018. Þær voru allar mjög illa farnar og jafnvel skrapaðar alveg af yfirborðinu svo við blasti eldri klæðing sem var með sprunguneti, sem bendir til þess að burðarlagið sé einnig ónýtt. Á þessum vegi er eflaust talsverð vetrarumferð milli kaupstaða á Suðurfjörðunum og einnig skiljanlega mikið vetrarviðhald, enda um heiðar að fara með bröttum brekkum og beygjum. Vegirnir voru sem sagt metnir ónýtir á þessu svæði og bent á að þeir þörfuðust aðgerða til styrkingar. Það er athyglisvert að á þessu svæði voru lagðar klæðingar bæði árið 2017 og 2018 sem eru ónýtar og auk þess fyrirhugaðar blettanir 2019 (sbr. merkingar á veginum), sem vart munu endast veturinn.